

Samstarfsnefnd um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum.

12. fundur.

Tólfti fundur nefndarinnar var haldinn í væntanlegu húsnæði Fjölbrautaskóla Suðurnesja miðvikudaginn 28. júlí 1976 og hófst hann klukkan 20³⁰.

Mættir voru fulltrúar allra sveitarfélaganna.

Formaður nefndarinnar, Gunnar Sveinsson, setti fundinn og sagði eina efni fundarins vera síðari umræða um umsóknir þeirra Jóns Böðvarssonar menntaskólakennara og Rögnvaldar J. Sæmundssonar skólastj. um stöðu skólameistara Fjölbrautaskólans, sem auglýst var laus til umsóknar fyrr í sumar.

Nefndarmenn lásu yfir umsóknirnar og fylgiskjöl þeirra og ræddu sín á milli.

Að lokum kom nefndin sér saman um eftirfarandi álitargerð:

„Nefndin telur báða umsækjendur mjög vel hafa til starfsins vegna menntunar og reynslu sinnar í skólamiðum.

Þó telur meirihluti nefndarinnar rétt, að vandlega yfirveguðu máli, að mæla með ráðningu Jóns Böðvarssonar og byggir það álit sitt á því, að hann er yngri og hefur staðið að uppbyggingu og mótun á móta skóla.”

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið klukkan 22⁰⁰.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson (sign)